

22. OKTÓBER

'88

kenna og kenna, og kenna síðan meira. Síðan gerir fólk þætti fyrir útvarp, skrifar greinar í blöðin og sækir um þessa fáu og stopulu styrki og starfslaun sem í boði eru. Ég var í Finnlandi um daginn og þar geta tónskáld fengið allt að 15 ára starfslaun. Mér vitanlega er aðeins eitt tónskáld íslenskt sem reynir að lifa alfarið af því að semja tónverk og það gengur erfiðlega.“

Kynningarstarf Tónverkamiðstöðvarinnar á íslenskum tónverkum erlendis. Hversu mikilvægt er það?

„Mjög mikilvægt en til þess að hægt sé að koma íslenski tónlist á framfæri erlendis þarf bæði fjármagn og starfsfólk. Við höfum til dæmis litið á það sem afskaplega brýnt að auk nótnaútgáfu, þá sé íslensk tónlist til í upptökum. Það þýðir að gefa þarf íslenska tónlist út á hljómdiskum og snældum. Það tekur mjög langan tíma að koma hlutum á framfæri á erlendri grund; það er bæði tímafrekt og kostnaðarsamt. Við búum yfir fjölda hugmynda og reynum eftir föngum að koma þeim í framkvæmd en til þess að geta sinnt þessu hlutverki sómasamlega þyrfti að koma til aukinn skilningur á þessari viðleitni okkar. Við vinnum að því að kynna Íslendinga sem menningarþjóð og lítum svo á að það sé fjárfesting sem skilar góðum arði,“ sagði Bergljót Jónsdóttir að lokum.

H. Sig.

Samvinna ólíkra tónlistarmanna

Rætt við Aðalstein Ásberg Sigurðsson framkvæmdastjóra FTT.

Í tilefni af íslenskum tónlistardegi var spjallað við Aðalstein Ásberg Sigurðsson, framkvæmdastjóra Félags tónskálda og textahöfunda, og hann spurður um tildrög og undirbúning dagsins.

„Íslenskur tónlistardagur varð fyrst að veruleika í fyrra, með aðstoð ýmissa afli í þjóðfélaginu og fyrir valinu varð fyrsti vetrardagur. Þessi tilraun var gerð með þeim formerkjum að ef hún tækist vel, þá yrði þetta árlegur viðburður. Og hún tókst það vel að nú er sem sagt komið að framhaldinu.“

Þetta fór upprunalega af stað fyrir tilstilli FTT og Tónlistarbandalags Íslands, sem eru n.k. regnhlífarsamtök fyrir mörg tónlistarfélög.

Fjölmiðlar tóku þessu vel og ljóskvakamiðlarnir sömuleiðis. Við fengum útvarpsstöðvarnar til að leika nær eingöngu íslenskt efni og það varð heilmikil stemning í kringum daginn í fyrra. Á Hótel Sögu var haldin svokölluð tónlistarveisla, Sinfóníuhljómsveit Íslands spilaði í Kringlunni og einnig voru aðrar upptökur af ýmsu tagi. Þetta mælist mjög vel fyrir, þannig að við væntum þess fastlega að í ár takist aftur að sameina þjóðina um sína eigin tónlist. Markmiðið er að leggja áherslu á íslenska tónlist og vekja athygli á henni og ég held að það veiti ekkert af því. Það sem er skemmtilegast við þennan dag er, að á honum sameinast mjög ólíkir hópar og það er ekki á hverjum degi sem unnt



Aðalstein Ásberg Sigurðsson

Morgunblaðið/Árni Sæberg

er að koma á samvinnu klassískra tónlistarmanna, poppara og alþýðutónlistarmanna á öllum aldri.

Í ár eru nánast sömu framkvæmdaaðilar og í fyrra, en þó höfum við verið að reyna að virkja fleiri inn í þetta. Tónlistarbandalagið er fremst í flokki í framkvæmdum, þar situr í stjórn fólk frá öllum félögum og með því móti náum við vel út í smærri einingar. Dagurinn verður með svipdum hætti og á síðasta ári. Sem dæmi um það sem verður á boðstólum, má nefna að Ríkisútvarpið verður með beina útsendingu á Rás 1 þar sem fram koma nemendur úr ýmsum tónlistarskólum hér á Reykjavíkursvæðinu. Einnig verða nemendur úr Tónlistarskóla FÍH á Rás 2.

Það stóð til að Sinfóníuhljómsveitin myndi spila í Kringlunni, en því miður getur ekki orðið af því vegna anna hjá hljómsveitinni á þessum tíma. Einnig hafa verið skipulagðir tónleikar hjá lúðraveitum sem ætla að spila víðs vegar. Svo verður vitanlega leikin popptónlist á skemmtistöðunum og þess má geta að Útvarpið Rót verður með beina útsendingu á sínum

vegum í kvöld frá Risinu, þar sem ungar og framsæknar bílskúrs-hljómsveitir munu spila eitthvað fram á nótt. Það stóð til að frum-sýnt yrði poppprógramið Saga Hljóma á Hótel Íslandi, en líklega frestast það um eina viku. Það er vert að koma því hér á framfæri, að hljómplötuverslanir gefa afslátt af öllum íslenskum plötum í dag.

Hjá FTT erum við með nýtt framtak í gangi; við gefum út í dag nýja nótnabók með tuttugu og fimm íslenskum dægurlögum. Þetta eru nýleg lög sem voru efst á baugi á síðasta ári. Vonandi er þessi útgáfa byrjun á einhverju sem gæti haldið áfram og orðið að ritröð. Í dag viljum við beina athygli að brýnni þörf okkar Íslendinga fyrir tónlistarhúsi. Fjölmiðlar munu minna á þetta eftir því sem tækifæri gefst til og Samtök um byggingu tónlistarhúss munu eflaust láta til sín heyra með einhverjum hætti.“

Svo er bara að vona að sem flestir beini sjónum sínum og hlutum að þeim upptökum sem standa okkur til boða á íslenskum tónlistardegi.

Steinunn Ásmundsdóttir/S.Á.

Röð píanótónleika á vegum EPTA

Á háttíðartónleikunum í Íslensku óperunni á Íslenska tónlistardeginum 22. október verður kynnt fyrirhuguð píanótónleikasaría á vegum EPTA (Evrópusambands píanó kennara).

Mál þetta var kynnt meðal félaga Íslandsdeildar EPTA sí. vor, en þar var m.a. bent á hve sjaldan píanótónleikarar halda einleikstónleika og hve erfitt það sé að starfa sem píanóleikari á Íslandi, þegar tækifærin eru svo fá. Þá kom upp hugmyndin að EPTA á Íslandi stæði fyrir tónleikaröð eins og tíðkast með mörgum

aðildarlöndum EPTA, þar sem aðallega kæmu fram íslenskir píanóleikarar, en einnig yrðu kannadír möguleikar á erlendum píanóleikurum líka og jafnvel skipti við þá.

Áformað er, að tónleikaröð þessi hefjist um miðjan febrúar og standi fram í maí. Tónleikarnir verða haldnir í Íslensku óperunni á hinn nýja konsertflygil, sem vígður verður í dag. Íslensku píanóleikararnir, sem fram koma í þessari fyrstu röð eru Þorsteinn Gauti Sigurðsson, Guðmundur Magnússon, Selma Guðmundsdóttir og Jónas Sen. Þá er mjög líklegt að hinn

þekkti píanósnillingur, Ruth Slenczynska, verði með tónleika í lok mars eða byrjun apríl, en hún er íslenskum tónlistarunendum að góðu kunn, en hún hélt hér tvö tónleika í sömu vikunni fyrir troðfullu húsi fyrir þremur árum.

Hvort tónleikar þessir verða að veruleika eða ekki stendur og fellur með því hve margir áskrifendur verða, en boðið verður upp á áskrift (fyrir vögara gjald) auk lausasölu á aðgöngumíðum. Þess vegna verður tónleikaröð þessi kynnt í hléi háttíðartónleikanna og fólk boðið upp á að skrifa sig niður sem áskrifendur.

verk frá Museu de Arte de Sao Paulo. **Stuttgart.** Galerie der Stadt Stuttgart; Til 13.11. stendur sýning vegna hundrað ára frá fæðingu Oskars Schlemmers, það er „Das Lackkabinett.“ Til 12.10. stendur árleg samsýning Deutsche Künstlerbund, sem er þýzka „fimmíð“. — Staatsgalerie Stuttgart verður með

meistaraverk úr safni Thyssen-Bornemisza, málverk frá 14.—18. aldar; tíminn er 10.12.'88—5.3.'89.

Baden-Baden. Staatliche Kunsthalle. Til 27.11: Michelangelo Pistoletto. Frá 17.12.'88—12.2.'89: Dan Flavin.

München. Kunsthalle der Hypo-Kulturstiftung, 25.10.'88—8.1.'89:

Fernand Léger, yfirlitssýning. Lenbachhaus; Til 6.11. verk úr safni Lenz Schönberg; Grúppan ZERO. 16.11.'88—8.1.'89 er yfirlitssýning á verkum Hermanns Nitsch.

Zürich. Kunsthau Zürich. Til 30. október: Enzo Cucchi, teikningar. 18. okt. til 27. nóv., Johannes Itten, verk frá 1913—1923.

Vín. Museum des 20. Jahrhunderts, 11.11.'88—15.1.'89, Wege zur Abstraktion — Sammlung Thyssen-Bornemisza; var áður í Haus der Kunst í München.

Paris. Centre Georges Pompidou, 8.12.'88—27.3.'89: Jean Tinguely.

London. Tate Gallery, 27.10.'88—15.1.'89, David Hockney, yfirlitssýning.

Humblebæk. Louisiana Museum í nágrenni Kaupmannahafnar, 8.10.'88—15.1.'89, Picasso-málverk.

Myndir sem fylgja lesendum til skemmtunar, eru frá sýningu sem haldin var í München fyrr á árinu. Þær sýna tilhneigingar í myndlistinni þar sem húsgögn koma til sögu. „Mublur sem listaverk“ var heiti sýningarinnar — og eru mublurnar þar með orðnar hluti af listaveröldinni; sérstaklega þykir stóllinn liðtækur á þeim vettvanginum.



Beuys: „Án titils“.